



DIMMA

Starfsáætlun

Félagsmiðstöðin Dimma

2025-2026

Sunna Rut Garðarsdóttir

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	4
Opnunartímar Dimmu.....	4
Félagsmiðstöðvadagatal 2024 – 2025.....	4
Starfið í vetur	5
Opið starf	5
Áherslur í vetur	5
Valáfangar og samstarf við skóla	6
Verkefni sem stuðla að eflingu læsis í víðum skilningi.....	6
Miðstigsstarf.....	6
Lýsing á samstarfi við skólann	6
Félkó Flakkandi	7
Viðburðir í vetur.....	7
Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar	7
Sameiginlegir viðburðir	7
Viðburðir í samvinnu við skólann	7
Sameiginlegir viðburðir á vegum Samfés	8
Hópastarf.....	8
Klúbbastarf	8
Sértækt hópastarf	8
Verkefni sem snúa að Barnasáttmálanum og heimsmarkmiðunum.	9
Félkó miðstöðin	9
Sumaropnun félagsmiðstöðva	9
Unglingaráð.....	9
Nemendaráð.....	10
Félkóraráð	10
Ungmennaráð Kópavogs	10
Ungmennaráð Samfés.....	10
Samstarf við foreldra	11
Verkferlar.....	11
Ytra mat	12

Innra mat	12
Umbótaáætlun starfstöðvar	12
Símenntun	13
Símenntuntunaráætlun 2025-2026.....	Error! Bookmark not defined.
Fjöldatölur	13
Starfsmenn Dimmu	14
Viðhengi 1	15

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Dimma er fyrir börn og unglinga í 5.-10.bekk og er staðsett í Vatnsendaskóla, Funahvarfi 2. Dimma er með skrifstofu og aðstöðu fyrir unglingana sem er á neðri hæð skólans en einnig höfum við aðgang að matsalnum, hátíðarsalnum og afnot af kennslustofum í samráði við kennara Vatnsendaskóla þegar á þarf að halda. Fjöldi skráðra barna í 5.-7. bekk eru 148 nemendur og í 8.-10. bekk eru 189 nemendur, samtals 337 nemendur í 5.-10.bekk í Vatnsendaskóla.

Forstöðumaður í Dimmu er Sunna Rut Garðarsdóttir, aðstoðarforstöðumaður er Víkingur Angantýsson. Síminn í Dimmu er 696-1630 og netföng stjórnenda eru sunna.g@kopavogur.is og vikingur.a@kopavogur.is

Opnunartímar Dimmu

Hefðbundin opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 – 22:00 og annan hvorn föstudag frá kl: 19:30-22:45. Einnig er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir fyrir utan hefðbundinn opnunartíma í félagsmiðstöðinni. Viðveru- og símatími starfsfólks utan hefðbundins opnunartíma er eftirfarandi:

Mánudagar: 12:00-17:00

Þriðjudagar: 09:30-17:00

Miðvikudagar: 12:00-17:00

Fimmtudagar: 09:30-16:30

Föstudagur 1: 09:00-16:00

Föstudagur 2: 12:00-18:00

Félagsmiðstöðvadagatal 2024 – 2025

Sjá félagsmiðstöðvadagadal í viðhengi 1

Á félagsmiðstöðvadagatalinu má finna helstu tímasetningar yfir árið á fræðslum, fundum og sameiginlegum viðburðum.

Starfið í vetur

Opið starf

Dagskrá Dimmu á kvöldin er mjög fjölbreytileg og er hún unnin í samstarfi með nemendaráðið. Dagskrá er gerð fyrir hvern mánuð og er hún auglýst á instagram, á auglýsingaskjá, send út í pósti í gegnum mentor, sett á google classroom og hengd upp á nokkrum stöðum í skólanum.

Hér má sjá dagskrá sem var gefin út fyrir október mánuð.

DAGSKRÁ DIMMU					OKTÓBER 2025				
MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIDVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR					
 @dimmafélagsmidstod  @dimmafélagsmidstod  @dimmafélagsmidstod		1. 17:00-18:30 EFTIRRETTAKLÚBBUR STEIKTIR GUFFLAR OG IS 19:30-22:00 SPILAKVÖLD	2. 09:30-16:00 OPIÐ	3. 09:00-17:00 OPIÐ					
6. 17:00-18:30 LOKAD STARFSMAÑNAFUNDUR 19:30-22:00 MORGUNKORNA KVÖLD	7. 09:30-16:00 OPIÐ	8. 17:00-18:30 MATARKLÚBBUR GÖRKUSALAT 19:30-22:00 VARÚLFUR	9. 09:30-16:00 OPIÐ	10. 12:00-18:00 OPIÐ 20:00-22:45 FÍFAMÓT OG BRAGÐAREFSKVÖLD					
13. 17:00-18:30 MIDSTIGSOPNUN 19:30-22:00 KARAOKE	14. 09:30-16:00 OPIÐ	15. 17:00-18:30 BÖKUNARKLÚBBUR SUBWAYKÖKUR 19:30-22:00 FÉLAGSMIDSTÖÐVA DAGURINN	16. 09:30-16:00 OPIÐ	17. 09:00-17:00 OPIÐ					
20. 17:00-18:30 MIDSTIGSOPNUN 19:30-22:00 HJARTSLÁTTUR	21. 11:30-16:00 OPIÐ	22. 17:00-18:30 MATARKLÚBBUR PÍTUR 19:30-22:00 HÖNDLARI HITANN?? SMÖKKUM/STEKKAR SÖSUR	23. 09:30-16:00 OPIÐ	24. 12:00-18:00 OPIÐ 20:00-22:45 FELURLEIKUR Í MYRKRI					
27. VETRARÞÍ 12:00-18:30 VAKTIN, VÖPFLUR OG VANILLUÍS 19:30-22:00 NAMMISALAT	28. VETRARÞÍ 11:00-16:00 VAKTIN, VÖPFLUR OG VANILLUÍS	29. 17:00-18:30 MIDSTIGSBÁLLUR 19:30-22:00 HRYLLINGSMYNDA KVÖLD	30. 09:30-16:00 OPIÐ	31. HREKKJAVAKA 09:00-17:00 OPIÐ					

Áherslur í vetur

Á fundum með stjórnendum skólans höfum við rætt um áhyggjur sem við höfum á ákveðinni hegðunar- og menningarbreytingu bæði er varðar uppgang og umtali um veðmál, veðmálasíður og jákvæðu viðhorfi unglunga í garð þeirra sem og hrein og bein notkun. Einnig höfum við áhyggjur af breytingu á viðhorfi unglingsdregja er kemur að eitraðri karlmennsku, þá sérstaklega sem að rímar við þessa bylgju sem er studd af endurkomu hægri öfgastefnu og heiftarlegri andstöðu gegn feminisma, innflytjendum og öðrum minnihlutahópum.

Það er mikilvægt að grípa inn eins fljótt og hægt er í þessum málefnum og því verða þessir tveir áherslupættir í fókuspunkti hjá okkur í vetur.

Valáfangar og samstarf við skóla

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður sjá um Dimmuval sem jafnframt er nemendaráðið okkar. Það er gert í góðu samstarfi með skólanum (sjá nánar um félagsmálavalið í liðnum um nemendaráð).

Stjórnendur Dimmu sitja fundi með aðstoðarskólastjóra annan hvern fimmtudag til þess að ræða ýmis mál varðandi nemendur á unglingastigi og að upplýsa hvort annað um stöðu mála.

Verkefni sem stuðla að eflingu læsis í víðum skilningi

Verkefni sem stuðla að eflingu læsis í víðum skilningi eru fjölmörg en óformleg og óformfest. Í matreiðsluklúbbum læra þau að lesa uppskriftir, þegar við spilum þurfa þau oft að lesa spurningar upphátt af spjöldum og í Karaoke syngja þau texta af skjá. Við höfum þó upplifað að þau skilji ekki auglýsingarnar okkar sem eru á skrifuðu máli, eða öllu heldur, nenna ekki að lesa þær. Við reynum að hafa auglýsingar með minni texta svo þetta sé auðskiljanlegra en að sama skapi viljum við líka hvetja þau til að reyna á sig og ekki hafa allar auglýsingar í myndbandsformi.

Miðstigsstarf

Í miðstigsstarfi eru öll í 5-7.bekk velkomin. Á dagskrá er verið að gera ýmislegt skemmtilegt, t.d pílukeppni, karaoke, minute to win it, útileikir, Tie Dye bolamálun og ýmislegt fleira.

Miðstigsopnanir eru á mánudögum frá 17:00-18:15.

Lýsing á samstarfi við skólann

Samstarf við skólann er gott. Árshátíð og jólaball eru verkefni sem við höldum saman og hefur gengið vel. Skólinn er allur af vilja gerður til að taka þátt í uppbroti sem við erum með af og til í skólanum eins og þemadagar, búningadagar og hádegispartý sem er af og til yfir skólaárið þar sem nemendaráðið heldur einhverja skemmtun í hádegishléi.

Félkó Flakkandi

Vettvangsstarfið Félkó Flakkandi er afar mikilvægt til þess að mæta öllum, líka þeim sem ekki sækja félagsmiðstöð eða eru í virkri skólaforðun. Starfsfólk Flakkandi sinnir vettvangsstarfi í hverfum höfuðborgarsvæðisins utan opnunartíma félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglunga. Við höfum það markmið að styrkja félagslega stöðu unglunga og skapa þeim aðstæður þar sem þau geta notið æsku sinnar í öruggu umhverfi. Í ljósi aðstæðna í samfélaginu þar sem áhættuhegðun og ofbeldismenning hefur verið meira áberandi í menningu unglunga finnst okkur mikilvægt að þessu starfi sé sinnt sem allra best. Markmið okkar er að bæta vettvangsstarfsemi í Kópavoginum með flotann sem fyrirmynd. Flotinn hefur sýnt fram á mikinn árangur í sínu vettvangsstarfi og upplifun okkar og annarra starfsmanna er að unglingarnir eru ánægðir með starfið. Þau upplifa traust og öryggi þegar vettvangstarf er á svæðinu. Vettvangsstarfið er unnið í nánú samstarfi með samfélagslögreglunni og nágretta sveitarfélögum og unnið er í að fá velferðasvið Kópavogs í enn meira samstarf.

Viðburðir í vetur

Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar

Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvarinnar eru margvíslegir. Gerð er dagskrá í lok hvers mánaðar fyrir næsta mánuð í samvinnu við nemendaráðið. Stærsti fasti viðburðurinn er Árshátíð Dimmu og Vatnsendaskóla. Hún er haldin á tímabilinu febrúar og fram í apríl.

Sameiginlegir viðburðir

Félkó er samstarf félagsmiðstöðva innan Kópavogs og stendur það fyrir ýmiskonar viðburðum. Ítk vikan, böll, spurningarkeppnin Getkó, skíðaferð, útilega og söngkeppni auk fleiri viðburða eru hluti af föstum viðburðum hjá Félkó ár hvert. Mikill tilhlökkun og stemning er yfirleitt fyrir þessum viðburðum.

Viðburðir í samvinnu við skólann

Velvilji er hjá öllum aðilum að hafa gott samstarf á milli félagsmiðstöðvar og skólans. Árshátíð og jólaball hafa verið viðburðir sem stofnanirnar vinna saman. Skemmtinefnd nemendaráðs ætla líka að halda svokölluð „pop up“ hádegishlé þar sem þau sjá um einhverja skemmtun í hádegishléi á unglingastigi nokkrum sinnum á ári sem skólinn tekur vel í.

Samfés heldur úti viðburðum fyrir félagsmiðstöðvar allstaðar á landinu. Landsmót samfés er viðburður yfir helgina 3.-5. október þar sem 5 unglingar frá hverri félagsmiðstöð hittast í skipulagðri dagskrá. Þessa helgi verður einnig kosið í Ungmennaráð samfés og í lok helgarinnar er Landsþing ungmenna sem er stýrt af ungmennaráðinu. Aðrir viðburðir eru til að mynda Rímnaflæði, danskeppni, Stíll - hönnunarkeppni, Söngkeppni Samfés og SamFest

Hópastarf

Klúbbastarf

Klúbbastarf eru klúbbar sem eru sniðnir í kringum sérstök áhugmál. Oft er dræm mæting í þessa klúbba en þetta getur þó verið ansi dýrmæt stund fyrir þá sem mæta. Einhverjar hugmyndir af klúbbum eru komnar.

Samlokur og Shrek: Þessi klúbbur hefur verið vinsæll. Við smyrjum okkur samlokur og horfum saman á Shrek

Núðlur og nöldur: Annar vinsæll klúbbur, fáum okkur núðlur og ræðum daginn og veginn. Í þessum klúbb má pústa og kvarta yfir öllu sem angrar okkur.

Föndurklúbbur: Þessi klúbbur er mjög opin og hægt að gera allskonar, kertagerð, leir, málning eða hvað sem okkur dettur í hug. Hugmyndin var að nýta föndursmiðju Félkó miðstöðvarinnar en þeirri aðstöðu var lokað vegna myglu og ekki er komin ný staðsetning.

Matar/bökunarklúbbur: Starfsmenn hitta þá nemendur í heimilisfræðistofu í Vatnsendaskóla og verður eldað/bakað saman og svo í lokin borðað það sem var búið til. Þetta er lang vinsælasti klúbburinn og það hefur myndast góður hópur sem mæta í þessa klúbba

Sértækt hópastarf

Félkó heldur utan um sameiginlegt sértækt hópastarf í Félkó miðstöðinni. Tveir hópar eru farnir að stað og það er D&D klúbbur og Hinsegin hópastarf. Markmið er að fjölga þessum hópum í takt við húsnaði og starfsfólk.

Verkefni sem snúa að Barnasáttmálanum og heimsmarkmiðunum.

Vatnsendaskóli og Dimma eru Réttindaskóli UNICEF. Í því verkefni koma inn fræðslur fyrir nemendur sem snýr bæði að Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðunum.

Starfið í félagsmiðstöðinni er stöðugt að vinna eftir Heimsmarkmiðunum og Barnasáttmálanum, alla daga í starfi og með því að þjálfa unglingana að vera lýðræðisleg þenkjandi, leyfa þeirra röddum að heyrast og hlusta á skoðanir þeirra

Félkó miðstöðin

Allt starf Félkó miðstöðvarinnar fyrir utan D&D klúbb er í biðstöðu vegna húsnæðisskorts. Upp kom mygla í gömlu aðstöðunni sem var einnig geymsla fyrir allan okkar búnað. Henda þurfti ýmsu og óvíst er hvert búnaðurinn sem er í lagi megi fara þar sem ekki er búið að finna nýtt húsnæði. Velkomin Félkó og Hinsegin félagsmiðstöðin eru því ekki starfandi eins og er.

Sumaropnun félagsmiðstöðva

Dimma stendur fyrir sumaropnun í félagsmiðstöðinni á sumrin. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt. Annarsvegar var boðið upp á sumarsmiðjur fyrir 10 til 13 ára börn og hins vegar dag- og kvöldopnanir fyrir unglinga. Sumarsmiðjurnar eru af ýmsum toga t.d. Föndursmiðju, grillsmiðju, lautarferð og fleira.

Fyrir unglingastarf eru opnanir eru á mánudögum og miðvikudögum frá 12:00 – 17:00 og 19:30 – 22:00. Dagopnanir eru á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10:00-16:00. Þegar sumarstarfið hófst fyrir nokkrum árum var meiri áhersla lögð á opið starf og að vera með opið í hádegishléum og fleira. Eftir nokkur ár af þessari vinnu höfum við fundið að með stækkandi sértæka hópastarfi þarf að vera minni áhersla lögð á opið starf. Það er því minna um opið starf á daginn þar sem við erum í prógrammi með sértæka hópastarfinu. Eftir að tímabilið í Dimmu eru Félkó opnanir í 3 vikur. Félkó opnanir eru stór hreyfanleg félagsmiðstöð sem færir sig á milli hverfa. Þar starfar einn félagsmiðstöðvastarfsmaður út hverri félagsmiðstöð, það er í þeirra höndum að ákveða skipulag og uppsetningu þessa starfs.

Unglingaráð

Ýmis ráð standa krökkunum til boða til að bjóða sig fram í og nýta sína rödd.

Nemendaráð

Í nemendaráði Dimmu sitja 22 unglingar. Nemendaráðið er valgrein og þeir sem hafa áhuga geta skráð sig í nemendaráðsval. Á fyrsta fundi var kannaður áhugi í ungmennaráð, félkó ráð og hverjir hefðu áhuga á að fara á landsmót Samfés.

Ýmis mál eru rædd á nemendaráðsfundum hverju sinni, framkvæmd og útfærsla viðburða ásamt þeim málefnum er snúa að unglingum hverju sinni. Þau sem sitja í nemendaráði eru hvött til að taka virkan þátt í öllu starfi Dimmu og hvetja samnemendur til þátttöku. Einnig eru þeir sem sitja í nemendaráði minnt á að þau eru fyrirmyndir skólans og brot á reglum skólans/landslögum hafa afleiðingar innan nemendaráðsins. Í ár er sú nýjung á að nemendaráðið er einnig fulltrúi unglinga í réttindaráði. En þegar þetta er skrifað er enn undirbúningur í gangi og engin almennileg reynsla komin á það fyrirkomulag.

Félkóraráð

Félkó ráðið er ráð sem stendur af tveimur unglingum úr hverri félagsmiðstöð þvert yfir Kópavog. Félkóraráðið sér um að skipuleggja böll og auka föstudagsopnanir. Hlutverk þeirra er í raun að vera rödd unglinga í sameiginlegum viðburðum.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fulltrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavos. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er

Starfsáætlun 2025-2026

kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs.

Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi og auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu og hafi tengiliði á landsvísu til þess að ræða málefni sem að hagsmunum ungs fólks. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni og taka þátt í að skipuleggja vibðurði á vegum Samfés.

Samstarf við foreldra

Samstarf við foreldra hefur farið batnandi síðustu ár. Samþætting er á milli útvaktar félagsmiðstöðva og foreldrarölsins og á dagskrá er að halda sameiginlega viðburði með foreldrafélaginu til að safna fyrir útskriftarferð 10. Bekkjar. Í upphafi árs eru haldnar kynningar fyrir foreldra á miðstigi og í unglingadeild.

Verkferlar

Verkferlalisti var settur saman í fyrra til að auðvelda aðgengi starfsfólks að ýmsum verkferlum. Verkferlarnir voru prentaðir út og eru aðgengilegir öllu starfsfólki. Einnig voru þeir kynntir á starfsmannafundi.

Skjalið inniheldur

- Undirbúningur viðburðar
- Framkvæmd viðburðar
- Ferðir – stuttar og langar
- Útivaktir
- Atvikaskráning
- Einstaklingssamtal
- Samskipti við foreldra
- Minniháttar hegðunarfrávik
- Alvarleg hegðunarfrávik
- Smávægilegir áverkar
- Alvarleg slys

- Tilkynning til barnaverndar

Ytra mat

Til að tryggja gæði og þróun starfsins leggur Frístundadeild reglulega fyrir þjónustu- og viðhorfskannanir til foreldra og unglunga allra stofnana Frístundadeildar.

Kannanir meta m.a.:

- ánægju með starf félagsmiðstöðvarinnar,
- öryggis- og trausttengsl,
- fjölbreytileika í dagskrá,
- og upplifun af starfsfólki og umhverfi.

Ákveðið var að prófa að senda hana út í Nóvember þetta árið og því erum við ekki komin með niðurstöður til að byggja á hér.

Enn hafa ekki borist niðurstöður úr mælingum árangurs í hópastarfi sem voru lögð fyrir í sumar.

Innra mat

Starfið í fyrra gekk mjög vel, nemendaráðið var gífurlega virkt og bjó til góða stemningu og nýjar hefðir sem vonandi halda áfram. Starfsmannavelta er búin að vera nokkuð nálægt núllinu síðustu ár svo það gefur ákveðna mynd um starfsánægju. Álagspunktur hjá starfsfólki var þó nokkuð mikill í vor þegar árshátíð, Samfest, skíðaferð, söngkeppni, páskar og fræðsluferð starfsfólks til Svíþjóðar var nánast allt á sömu vikunum. Þess fyrir utan gekk starfið í heildina bara frekar vel. Á síðustu tveim árum höfum við verið að leita leiða til að auka dagopnun en okkur þykja þær opnanir gífurlega mikilvægar. Í ár erum við loksins komin í þá stöðu að það eru hádegis og dagopnanir alla daga vikunnar. Unglingarnir hafa sýnt mjög jákvætt viðhorf gagnvart þessum breytingum.

Umbótaáætlun starfstöðvar

Eins og komið var inn á hér að ofan höfum við nú þegar aukið dagopnanir við góðar undirtektir. Samstarf skóla og félagsmiðstöðvar er alltaf að bætast og núna sitja stjórnendur

Dimmu vikulega fundi með aðstoðarskólastjóra. Einnig er forstöðumaður kominn inn á nemendaverndarráðsfundi.

Vatnsendaskóli er nú orðinn símalaus skóli. Dimma er þó eins og er hluti af símasvæði en um áramótin mun það falla niður og Dimma verður símalaus á skólatíma. Aðrar umbætur eru til að mynda laga anddyrið okkar. Það eru engir snagar eða neitt til að hengja upp úlpur og auglýsingaveggur Dimmu hefur séð betri daga.

Símenntun

Reglulega fá starfsmenn Dimmu starfsmannafræðslu og tengist sú fræðsla inni félagsmiðstöðvastarfið. Starfsmannafræðslur fyrir alla eru einu sinni á mánuði og starfsmannafundir og ígrundun Dimmustarfsmanna eftir hverja kvöldopnun. Velkomin til starfa er viðburður þar sem haustið er kynnt fyrir starfsfólki. Ýmiskonar fræðslur og erindi koma þar við sögu.

Forstöðumönnum og aðstoðarforstöðumönnum býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu. Þá býðst öllu starfsfólki að fara á Samfés-Con, sem er fræðsluviðburður á vegum Samfés.

Fjöldatölur

Ágúst 2024 – **260**

September 2024 – **1557**

Október 2024 – **1598**

Nóvember 2024 – **1073**

Desember 2024 – **950**

Janúar 2025 – **1002**

Febrúar 2025 – **1174**

Starfsáætlun 2025-2026
Mars 2025 – **1361**



Apríl 2025 – **606**

Mái 2025 – **821**

Júní 2025 – **270**

Júlí 2025 – **37** (Flakkandi ekki tekið með)

Starfsmenn Dimmu

Sunna Rut Garðarsdóttir – Forstöðumaður í 100% stöðu

Víkingur Angantýsson – Aðstoðarforstöðumaður í 98% stöðu

Hólmar Birgisson – Frístundaleiðbeinandi í 60,9% stöðu

Hrefna Lára Sighvatsdóttir – Frístundaleiðbeinandi í 39,45% stöðu

Aron Ingi Laxdal Jónsson – Frístundaleiðbeinandi í 39,45% stöðu



Viðhengi 1

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Félagsmiðstöðvadaatal 2025 - 2026

Félíko

AGUST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÍ	JUNÍ	JULÍ
L F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 F	1 M	1 M	1 M
L L	2 B	2 F	2 S	2 B	2 F	2 M	2 M	2 F	2 B	2 B	2 F
L S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 B	3 B	3 S	3 S	3 M	3 F
M	4 F	4 L	4 B	4 F	4 S	4 M	4 M	4 M	4 F	4 F	4 L
L B	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 S	5 B	5 B	5 F	5 S
L M	6 L	6 B	6 F	6 L	6 B	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
F	7 S	7 B	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 F	7 B	7 S	7 B
L F	8 M	8 B	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 F	8 M	8 M	8 M
L S	9 B	9 F	9 S	9 B	9 L	9 M	9 M	9 F	9 B	9 B	9 F
L M	10 F	10 L	10 M	10 F	10 B	10 B	10 F	10 S	10 M	10 M	10 F
L B	11 S	11 F	11 M	11 L	11 S	11 M	11 M	11 F	11 B	11 F	11 L
L F	12 M	12 B	12 F	12 M	12 L	12 F	12 F	12 S	12 M	12 M	12 S
L S	13 M	13 F	13 M	13 L	13 B	13 F	13 F	13 S	13 M	13 L	13 M
L M	14 B	14 L	14 M	14 F	14 S	14 L	14 L	14 F	14 M	14 S	14 B
L B	15 F	15 S	15 M	15 L	15 F	15 S	15 S	15 F	15 M	15 M	15 M
L F	16 L	16 B	16 F	16 L	16 B	16 F	16 F	16 S	16 M	16 B	16 F
L S	17 M	17 F	17 M	17 L	17 S	17 M	17 B	17 F	17 M	17 M	17 F
L M	18 B	18 L	18 M	18 F	18 L	18 F	18 S	18 F	18 M	18 L	18 L
L B	19 F	19 S	19 M	19 L	19 M	19 F	19 M	19 S	19 B	19 F	19 L
L F	20 L	20 M	20 F	20 B	20 L	20 F	20 F	20 S	20 M	20 M	20 M
L S	21 M	21 B	21 F	21 L	21 S	21 M	21 L	21 F	21 B	21 F	21 B
L M	22 B	22 F	22 M	22 L	22 F	22 S	22 S	22 F	22 M	22 M	22 S
L B	23 F	23 L	23 M	23 F	23 B	23 F	23 M	23 L	23 B	23 B	23 F
L F	24 L	24 S	24 M	24 L	24 F	24 S	24 B	24 F	24 M	24 S	24 F
L S	25 M	25 F	25 M	25 L	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 L	25 L
L M	26 B	26 L	26 F	26 B	26 L	26 F	26 F	26 S	26 M	26 B	26 S
L B	27 F	27 S	27 M	27 L	27 F	27 S	27 M	27 F	27 B	27 M	27 M
L F	28 L	28 B	28 F	28 L	28 M	28 L	28 L	28 F	28 M	28 B	28 B
L S	29 M	29 F	29 M	29 S	29 F	29 S	29 M	29 L	29 M	29 M	29 M
L M	30 B	30 L	30 F	30 B	30 L	30 M	30 M	30 F	30 B	30 B	30 F
L B	31 F	31 M	31 L	31 M	31 S	31 B	31 B	31 F	31 M	31 M	31 F

Föstudagsþannir eru annan hvern föstudag - með fyrirvara um breytingar
Blár - Félíko viðburður - Appelsínugulur - Samræs viðburður - Dökkgræn - vetrarfrí - Fjólublár - föstudagsþannir - Ljósgræn - frídagar í skólum. Rauður - fundfrí.